

Höfuðlús er skráningaskyldur sjúkdómur skv. [Reglugerð nr. 129/1999](#) og því ber heilbrigðisstarfsfólki að senda ópersónugreindar upplýsingar til sóttvarnalæknis um fjölda lúsartilfella sem greinast.



Ískrá sendir upplýsingarnar til sóttvarnalæknis

Upplýsingar um lúsartilfelli sem greinast í heilsuvernd skólabarna eru teknar úr Ískrá og sendar sóttvarnalækni. Upplýsingarnar eru teknar út eftir fjölda [hjúkrunarviðfangsefnisins „Lús“](#) í skráningu samskipta.

Heilbrigðisstarfsmenn kemba þó sjaldnast hár barna og greina því sjaldnast lúsina sjálfir með berum augum heldur eftir upplýsingum, oftast frá forráðamönnum. Eftir samskipti við þá eru skráð samskipti og hjúkrunarviðfangsefnið „Lús“ sett í samskiptin ef hún fannst hjá barni.

Nýtt smit = Ný samskipti

Mikilvægt er að skrá ný samskipti við nýtt smit. Hér er því undantekningin á því að nota framvindu í samskiptum með sama hjúkrunarviðfangsefnið.

Skráning samskipta vegna höfuðlúsar (Mynd 1)

Dæmi: Forráðamaður nemanda hefur samband og lætur vita að hann hafi fundið lús í höfði barns síns.

Samskipti

Tilfnisflokkar			
ANDLEG OG FÉLAGSLEG LIÐAN	ÁVERKAR OG SLYS Á SKÓLATÍMA	LANGVINNUR HEILSUVANDI	LÍFSSTÍLSÞÆTTIR
LÍKAMLEGIR ÞÆTTIR	LÚS - NJÁLGUR - KLÁÐAMAUR	ÓNÆMISADGERDIR	SKIMANIR OG MÆLINGAR

Nemandi: Kolbrún Gunnuson
Kennitala: 041206-1239

Læknisfræðileg greining: 16.11.2016
Aðrar atferlis og geðbrigðaraskanir

Breyta Evða Prenta Yfirlit Loka qlugga

Hjúkrunarviðfangsefni	Hjúkrunarmeðferð	Lýsing
<input type="checkbox"/> Fyrirspurn <input type="checkbox"/> Kláðamaur <input checked="" type="checkbox"/> Lús <input type="checkbox"/> Njálgur <input type="checkbox"/> Annað	<input checked="" type="checkbox"/> Fræðsla til nemendahópa <input checked="" type="checkbox"/> Fræðsla til skólasamfélags <input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Lúsaleit <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis <input type="checkbox"/> Upplýsingaöflun <input type="checkbox"/> Annað	

Framvinda

Mynd 1: Skráning eftir samskipti við forráðamann sem fann lús í höfði barns síns

Önnur skráning

Í framhaldi af tilkynningu um lús hjá nemanda er foreldrum annarra nemenda send [ráð vegna lúsar](#) í tölvupósti. Til að skráð það, er hakað fyrir fram „lús“ undir tölvupóstssamskipti við forráðamenn í „Fræðsluglugganum“.

Ef farið er með fræðslu um lús í framhaldinu í bekkinn er það skráð einnig undir „aðra fræðslu“, hakað fyrir framan „lús“ undir fræðsla vegna sjúkdóms nemanda.

Tölvupóstssamskipti við forráðamenn

6h.is - bent á heimasíðu

lús

njálgur

Fræðsla vegna sjúkdóms nemanda

lús

sykursýki

flogaveiki